Hér fara á eftir töflur og línurit yfir fjölda ógallaðra og gallaðra atriða í raflögnum þeim, sem skoðaðar voru á hinum ýmsu rafveitusvæðum (í töflunum merkir Já: í lagi, og Nei: ekki í lagi).

1. Rafveita Akraness, Rafveita Borgarness, Rafveita Ísafjarðar, Rafveita Akureyrar og Austurlandsveita.

TAFLA 1 a, miðað við 72 atriði í hverri raflögn.

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70			Óviss aldur		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
215	183	46.0	448	369	45.2	522	302	36.7	1169	309	20.9	1794	1353	43

TAFLA 1 b, heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
4148	2516	37.8

TAFLA 2 a, miðað við 21 atriði (af 72),
veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70			Óviss aldur		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
63	48	43.2	104	105	50.2	151	84	35.7	356	65	15.4	467	379	44.8

TAFLA 2 b, heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
1141	681	37.4

Línurit samkvæmt töflum 1 og 2, hundraðshlutar gallaðra atriða í mismunandi aldursflokkum í 137 raflögnum.

Línurit 1



Miðað við öll 72 atriði, sem skoðuð voru.

Línurit 2



Miðað við 21 atriði (af 72), veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

2. Rafveita Hvanneyrar, Rafveita Hafnarfjarðar, Skaftafellsveita (Hornafjörður og sveitir), Þingeyjarveita (Raufarhöfn, Þórshöfn, Kópasker, Greifbýli, Eyjafjarðarveita (Ólafsfjörður), Skagafjarðarveita, Rafveita Sauðárkróks, Rafveita Patrekshrepps, Snæfellsnessveita og Rafmagnsveita Reykjavíkur.

TAFLA 3 a, miðað við 72 atriði í hverri raflögn

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70			Óviss aldur		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
707	373	34.6	1284	513	28.5	1205	361	23.0	1437	277	16.1	1507	838	35.7

TAFLA 3 b, heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
6140	2362	28

TAFLA 4 a, miðað við 21 atriði (af 72)
veigameiri en önnur fra öryggissjónarmiði.

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70			Óviss aldur		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
156	125	44.5	331	146	30.6	320	101	24.0	418	62	12.9	429	224	34.3

TAFLA 4 b, heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
1654	658	28.5

Línurit samkvæmt töflum 3 og 4, hundraðshlutar gallaðra atriða í mismunandi aldursflokkum í 194 raflögnum.

Línurit 3



Miðað við öll 72 atriði, sem skoðuð voru.

Línurit 4



Miðað við 21 atriði (af 72), veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

3. Rafveita Reyðarfjarðar.

TAFLA 5 a, miðað við 72 atriði í hverri raflögn.

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70			Óviss aldur		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
517	794	60.6	219	236	51.9	548	456	45.5	1654	677	29.0	853	861	50.3

TAFLA 5 b, heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
3791	3024	44.4

TAFLA 6 a, miðað við 21 atriði (af 72) veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70			Óviss aldur		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
159	221	58.2	76	52	40.6	171	128	42.8	521	174	25.0	264	235	47.0

TAFLA 6 b, heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
1191	810	40.5

Línurit samkvæmt töflum 5 og 6, hundraðshlutar gallaðra atriða í mismunandi aldursflokkum í öllum 149 raflögnum á svæði Rafveitu Reyðarfjarðar.

Línurit 5



Miðað við öll 72 atriði, sem skoðuð voru.

Línurit 6



Miðað við 21 atriði (af 72), veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

4. Rafveita Stokkseyrar, Rafveita Eyrarbakka og Árnesveita.

TAFLA 7 a, miðað við 72 atriði í hverri raflögn.

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
271	130	32.2	297	99	25.0	1233	375	23.2	774	174	18.3

TAFLA 7 b, heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
2575	778	23.2

TAFLA 8 a, miðað við 21 atriði (af 72), veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
61	43	39.5	78	30	27.8	330	81	19.7	220	26	10.6

TAFLA 8 b,heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
689	180	21

Línurit samkvæmt töflum 7 og 8, hundraðshlutar gallaðra atriða í mismunandi aldursflokkum í 69 raflögnum.

Línurit 7



Miðað við öll 72 atriði, sem skoðuð voru.

Línurit 8



Miðað við 21 atriði (af 72), veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

Til þess að fá heildarmynd af ástandi raflagna á svæðum allra þeirra rafveitna, sem taldar eru upp undir liðum 1 til 4 hér að framan, eru lagðar saman tölur í töflu 1 a, 3 a, 5 a og 7 a, og úr þeim tölum mynduð tafla 9 a, og á sama hátt er tafla 10 a mynduð úr tölum í töflum 2 a, 4 a, 6 a og 8 a. Er hér um að ræða 549 raflagnir hjá 19 rafveitum.

TAFLA 9 a, miðað við 72 atriði í hverri raflögn.

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70			Óviss aldur		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
1710	1480	46.4	2248	1217	35.1	3508	1494	29.9	5034	1437	22.3	4154	3052	42.4

TAFLA 9 b, heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
16654	8680	34

TAFLA 10 a, miðað við 21 atriði (af 72),
veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70			Óviss aldur		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
439	437	49.9	589	333	36.1	972	394	28.9	1515	327	17.8	1160	838	41.9

TAFLA 10 b, heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
4675	2329	33.3

Línurit samkvæmt töflum 9 og 10, hundraðshlutar gallaðra atriða í mismunandi aldursflokkum í 549 raflögnum.



Miðað við 72 atriði í hverri raflögn.



Miðað við 21 atriði í hverri raflögn, veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

Í 1. og 2. lið hér að framan (á bls. 2) var nokkur hluti þeirra raflagna, sem skoðaðar voru, af óvissum aldri. Svo var einnig á Reyðarfirði, þar sem allar raflagnir voru skoðaðar. En vitað var um aldur allra raflagna, sem skoðaðar voru hjá Rafveitu Stokkseyrar, Rafveitu Eyrarbakka og Árnesveitu (4. lið).

Í þeim tilgangi að fá nánari samanburð á ástandi raflagna á svæði, þar sem reglubundið eftirlit hefur verið framkvæmt samkvæmt reglum Rafmagnseftirlits ríkisins og á öðru svæði, þar sem verulega hefur skort á reglubundið eftirlit, voru skoðaðar sérstaklega 178 raflagnir af ýmsum aldri hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, þar sem vitað var um aldur allra raflagna, og síðan gerður samanburður á ástandi þeirra raflagna og raflagna hjá Rafveitu Stokkseyrar, Rafveitu Eyrarbakka og Árnesveitu.

Þess má geta, að af þeim 178 raflögnum, sem skoðaðar voru í Reykjavík, voru 156 í fyrsta flokki (íbúðir) og 22 í öðrum og þriðja flokki, en af þeim 69 raflögnum, sem skoðaðar voru í Árnessýslu var rúmlega helmingurinn í fyrsta flokki og tæplega helmingurinn í öðrum flokki (peningshús).

Eftir aldri skiptast hinar 178 raflagnir hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur þannig, að 24% þeirra voru síðan fyrir 1940, 20% í aldursflokknum 1940 - 50, 25% í aldursflokknum 1950 - 60 og 31% í aldursflokknum 1960 - 70.

Hjá Rafveitu Stokkseyrar, Rafveitu Eyrarbakka og Árnesveitu skiptast hinar 69 rafveitur þannig eftir aldri: 22% síðan fyrir 1940, 16% í aldursflokknum 1940 - 50, 40% í aldursflokknum 1950 - 60 og 22% í aldursflokknum 1960 - 70.

Raflagnir þær, sem skoðaðar voru við úrtaksskoðunina, voru valdar án tillits til þess, hvort þær voru í góðu eða lélegu ástandi.

(Alls skoðuðu eftirlitsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins með aðstoð eftirlitsmanna rafveitna á árunum 1969 til 1972 um 1300 húsveitur, þar sem beitt var hinu nýja skýrsluformi.)

Línurit 11 og 12 (á bls. 13) annars vegar, og hins vegar línurit 9 og 10 (á bls.10) gefa til kynna, að fjöldi galla í raflögnum á svæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur er að hundraðshlutum svipaður og hjá rafveitum almennt (annars staðar en í Árnessýslu og á Hvanneyri).

Rafmagnsveita Reykjavíkur.

Skoðaðar 178 raflagnir af mismunandi aldri. Heildartala húsveitna í árslok 1970 : 13649.

TAFLA 11 a. Miðað við 72 atriði í hverri raflögn.

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
1228	839	40.6	674	523	43.7	1347	715	34.7	1422	379	21

TAFLA 11 b, heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
4671	2456	34.5

TAFLA 12 a, miðað við 21 atriði (af 72), veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

- 1940			1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
271	265	49.4	179	150	45.6	368	212	36.6	413	87	17.4

TAFLA 12 b, heildartölur

Í lagi	Ekki í lagi	
Tala	Tala	%
1231	714	36.7

Línurit samkvæmt töflum 11 og 12, hundraðshlutar gallaðra í mismunandi aldursflokkum í 178 raflögnum.

Línurit 11



Miðað við öll 72 atriði, sem skoðuð voru.

Línurit 12



Miðað við 21 atriði (af 72), veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

Til fróðleiks má geta þess, að á litlu, takmörkuðu svæði, á Hvanneyri í Borgarfirði er rafvirki, sem sér um allar raflagnir á svæðinu, bæði nýlagnir og viðhald, með þeim ágætum, að næstum má telja undantekningu, að þar finnist gölluð raflögn, 20 ára gömul eða nýrri (aðeins 3 - 4%, miðað við 21 veigameiri atriði), og í raflögnum eldri en 20 ára gölum er fjöldi galla að hundraðshluta álíka og í raflögnum nýrri en 10 ára, þar sem ástandið er bezt á öðrum svæðum. Á þessu svæði er 21 raflögn, og voru þær allar skoðaðar.

Rafveita Hvanneyrar.

TAFLA 13, miðað við 72 atriði í hverri raflögn.

1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70			Heildartölur		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
199	48	19.4	257	18	6.5	502	28	5.3	958	95	10

TAFLA 14, miðað við 21 atriði (af 72), veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

1940 - 50			1950 - 60			1960 - 70			Heildartölur		
Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei		Já	Nei	
Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%	Tala	Tala	%
57	9	13.6	72	2	2.8	119	4	3.3	248	15	5.7

Línurit samkvæmt töflum 13 og 14, hundraðshlutar gallaðra atriða í mismunandi aldursflokkum raflagna.



Miðað við öll 72 atriði, sem skoðuð voru.



Miðað við 21 atriði (af 72), veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði.

Þau atriði, sem talin eru veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði, 21 að tölu, eru þessi:

Stofnvör,
tenging við jarðskaut,
jarðskautstaug,
aðalvör,
kvíslvör á aðaltöflu,
greinivör á aðaltöflu,
frágangur á teinum á aðaltöflu,
tenging hlífðarjarðtauga á aðaltöflu,
kvíslvör á greinitöflum,
greinivör á greinitöflum,
frágangur á teinum á greinitöflum,
viðnám til jarðar,
viðnám milli tauga,
hringrásarviðnám stofns,

hringrásarviðnám kvísla,
hringrásarviðnám greina,
jarðskautsviðnám,
tengingar hlífðarjarðtauga,
hlífðarjarðtenging fasttengdra tækja,
hlífðarjarðtenging laustengdra tækja.
lekastraumsrofvörn.

3. Tölfræðileg rannsókn á úrtakskönnun Rafmagnseftirlits ríkisins (G.G.).

Yfirlit Guðmundar Marteinssonar greinir frá helztu útkomum úrtakskönnunar Rafmagnseftirlitsins. Við höfum beitt aðferðum úr tölfræði til að meta, hvað af þeim megi læra um árangur af núverandi tilhögun gamalskoðunar, fjölda og tíðni skoðana, sem þyrfti til að fylgjast með, að gildandi reglur séu haldnar, og líklegar afleiðingar af breyttum reglum um gamalskoðun.

3.1 Ending raflagna og aldursdreifing bilana.

Eftir úrtakskönnunina var athugað, hvernig bilanatíðni breytist með aldri raflagnanna. Bilanir geta orðið vegan tilviljanakenndra óhappa eða vegna slits. Ef bilanir verða aðeins vegna óhappa, er engu líklegra, að heill gamall hlutur bili næsta árið en nýr, en við slit eykst hættan á, að hlutur fari að bila með aldri hans.

Við skulum nú gera ráð fyrir, að fylgt sé reglunni að skoða á 9 ára fresti, og þá sé gert við alla galla. Hjá nýjum veitum á úttekt að veita sömu tryggingu og skoðun fyrir, að allt sé í lagi. Ef bilanir verða aðeins vegna óhappa og gert er við eftir skoðun, ætti ekki að vera meira um bilanir í gömlum húsum en nýjum. Sé hins vegar slit helzta orsök bilana, eru fæstir gallar hjá yngstu veitunum. Búast má við, að sams konar hlutir endist mjög misvel, bæði vegna mismikillar notkunar og frágangs. Slíkri endingu má lýsa með gammadreifingu, en exponential dreifing lýsir endingunni, ef bilanir verða aðeins vegna óhappa. Mynd 2 sýnir, hvernig ending 1000 hluta með meðalendingu 10 ár, skiptist samkvæmt þessum dreifingum.

Það er skoðun rafmagnseftirlitsmanna, að hjá Árnesveitu hafi gamalskoðun farið fram í samræmi við gildandi reglugerð. Bilanatíðni í úrtakinu þaðan er marktækt lægri en víðast hvar annars staðar. Við styðjumst við þetta úrtak til að meta eðlilega bilanatíðni þeirra atriða, sem talin eru mikilvægust frá öryggissjónarmiði.

Fimm þessara atriða, kvíslrör í greinitöflum og mæling á hringrásarviðnámi stofns, kvísla, greina og á jarðskautsviðnámi komu svo óvíða fyrir, að litlar ályktanir verða dregnar af úrtakinu.

Hjá öðrum fimm atriðum voru tvær eða færri bilanir, og svarar það til 50 ára meðalendingar eða meira. Þessi atriði voru:

stofnvör,
tenging við jarðskaut,
aðalvör,
kvíslavör í aðaltöflu,
lekastraumsrofvörn.

Þarna myndi gallatíðni ekki aukast að neinu ráði, þótt nokkuð lengra liði milli skoðana, t.d. 12 ár.

Eftirfarandi atriði höfðu 3 eða fleiri bilanir. Lauslegt mat á meðalendingu þeirra í árum samkvæmt gammadreifingu er sýnt innan sviga.

jarðskautstaug,	(60)
greinivör á aðaltöflu,	(16)
greinivör á greinitöflum,	(25)
frágangur á teinum,	(25)
lekastraumsrofvörn,	(50)
hlífðartengingar fasttengdra tækja.	(15)

Eftirfarandi atriði féllu illa bæði að gammadreifingu og exponentialdreifingu með þeirri forsendu, að gert sé fullkomlega við galla eftir hverja skoðun:

frágangur á teinum í aðaltöflu
tenging hlífðarjarðtengingar í aðaltöflu
viðnám til jarðar
tenging hlífðarjarðtengingar við lagnir og neyzlutengingar
hlífðartenging laustengdra tækja

Frávik þeirra frá forsendunum, sem hér hefur verið stuðzt við, kemur fram í því, hvernig bilanirnar skiptast á aldursflokka. Hér gæti auðvitað verið um tilviljun að ræða. Í svona stórri tölfræðilegri rannsókn er eðlilegt, að ýmsar útkomur falli langt frá því, sem líklegast er skv. viðkomandi dreifingu. Þykir mér t.d. líklegt, að þetta sé orsökin fyrir því, hvað viðnám til jarðar er víða í ólagi í Árnesveitu frá 1950 - 1960. Ekki verður vart við, að þessi áratugur skeri sig úr um þetta atriði hjá öðrum veitum. En um hin atriðin fjögur er önnur skýring líklegri. Aðrar reglur giltu áður um tengingar hlífðarjarðtauga lagna og neyzlutækja og hlífðarjarðtengingar laustengdra tækja og eftirlitsmenn Árnesveitu hafa ekki krafizt breytinga, en rafmagnseftirlitsmenn hins vegar talið í ólagi. Þar sem svona stendur á, er ekki hægt að meta meðalendingu eftir útkomu úr úrtakskönnun. Þar sem bilanatíðni þessara þátta er einnig há í yngri veitum og lægri hjá Árnesveitu en landinu í heild, má gera ráð fyrir, að reglubundin skoðun sé einnig áhrifarík til að draga úr fjölda galla í þessum þáttum.

Áhrif skoðanatíðni á gallafjölda fer eftir endingu raflagnanna, en meðal þeirra atriða, sem talin voru mikilvægust frá öryggissjónarmiði, eru mörg, sem endast ekki betur en svo, að breyting á skoðanatíðni hefði mikil áhrif á gallafjölda. Sem dæmi skulum við taka hlut, sem fylgir gammadreifingu með meðalendingu 24 ár. Með 9 ára skoðanatíðni væri að jafnaði 7% þessara hluta bilað í 0-9 ára gömlum húsum, 15% í 9-18 ára gömlum húsum og 16% í eldri húsum. Ef skoðanatíðni væri breytt í 6 ár, yrðu að jafnaði 3% biluð í húsum milli 0 og 6 ára; 9% milli 6 og 12 ára; 10% milli 12 og 18 ára, og 11% í eldri húsum. Með 14 ár milli skoðana yrðu 12% biluð milli 0 og 14 ára og 22% í eldri húsum. Þessar niðurstöður yrðu í aðalatriðum óbreyttar, þótt valin væri önnur dreifing með sömu meðalendingu.

Eins og fram kemur í töflum Guðmundar Marteinssonar, er gallahlutfall Árnesveitu bæði lægra í yngstu húsunum og hinum eldri. Í 0-10 ára gömlum húsum hefur gamalskoðun lítil áhrif, því að fæst þeirra hafa verið skoðuð. Bendir þetta til, að úttekt nýrra lagna sé víða vanrækt, ekki síður en gamalskoðun.

3.2 Eftirlit með gamalskoðun.

Tilgangur gamalskoðunar er að draga úr tjónum og slysahættu vegna gallaðra raflagna. Niðurstöðurnar, sem greint var frá hér að framan, sýna, að bilanafjöldi ýmissa mikilvægra þátta í raflögnum er mjög háður tíðni skoðana. Þessar upplýsingar mætti nota til að meta hæfilega skoðanatíðni, ef upplýsingar lægju fyrir um tjónin.

Úrtakskönnun rafmagnseftirlitsins sýnir, að ástand húsveitna er mjög mismunandi eftir umdæmum og bendir til, að mikið sé um, að reglugerðin sé ekki haldin. Kostnaður við eftirlitið er greiddur af rafveitu hvers svæðis. Kostnaður vegna skaða af völdum gallaðra raflagna er hins vegar að verulegu leyti greiddur af sameiginlegum sjóðum landsmanna, þ.e.a.s. tryggingafélögum og fé almannatrygginga. Svæði, sem vanrækir eftirlitið, svíkst þannig um að borga sinn hlut af samanlögðum kostnaði vegna eftirlits og tjóns af raflögnum. Það er því nauðsynlegt að hafa eftirlit með heildarástandi rafveitna í hverju umdæmi og ganga eftir því, að úrbætur séu gerðar, þar sem skoðun eða viðgerðir hafa verið vanræktar.

Tilgangurinn með úrtakskönnun rafmagnseftirlitsins var að afla víðtækra upplýsinga um ástand raflagna á landinu. Stærð úrtaksins var miðuð við þetta, og er hún nægileg til að fá sæmilega mynd af bilanatíðni allra atriða, sem könnunin nær til. Ef reynt verður að ganga eftir því, að fylgt sé gildandi reglugerð, þarf að beita úrtakskönnunum til að fylgjast með ástandi á skoðunarsvæðum rafveitnanna. Við slíkt eftirlit er þó aðeins stefnt að því að fá sæmilega mynd af heildarástandi raflagna á svæðinu, en ekki leitað að aldursdreifingu bilana einstakra atriða. Slíkt úrtak getur því verið minna en þau, sem hér hefur verið stuðzt við.

Annað, sem ræður miklu um nauðsynlega úrtaksstærð, er fylgni bilana. Algjör fylgni jafngilti því, að hjá hverri húsveitu væri annaðhvort öll atriði í lagi eða öll biluð. Því fer greinilega fjarri, að þetta eigi við um raflagnir á Íslandi. Ef engin fylgni væri með bilunum fælist í því, að við stæðum engu betur að vígi við að gizka á ástand einhvers atriðis í raflögn, þegar við vissum ástand allra hinna heldur en við gerðum, ef við vissum ekkert um raflögnina. Þetta á greinilega ekki heldur við hér. Ef mikið er bilað af því, sem við þekktum, er líklegt, að raflögnin sé gömul, og þá er líklegra, að óþekkta atriðið sé líka bilað en ef lögnin væri ný.

Við höfum kannað fylgni bilana hjá þeim atriðum, sem talin voru mikilvægust frá öryggissjónarmiði, og reyndist hún lítil umfram það, sem við mátti búast vegna aukningar bilanatíðni með aldri. Af lítilli fylgni leiðir, að ástand einnar húsveitu er betri mælikvarði á heildarástand viðkomandi svæðis en það væri, ef nóg væri að líta á fáein atriði í hverju húsi til að þekkja með sæmilegri vissu ástand allra atriðanna.

Með hliðsjón af þeim rannsóknum, sem lýst er hér að framan, sýnist mér, að nægilegt sé að hafa úrtakið 15-20 húsveitur til að fá sæmilega mynd af heildarástandi á hverju svæði. Í úrtakinu væri ákveðinn fjöldi lagna úr hverjum aldursflokki. Nóg væri að gera slíka könnun á 3-5 ára fresti; ending flestra þátta raflagna er svo góð, að það tekur langan tíma, að ástand á svæði, sem hefur verið gott, verði afleitt. Eftir slíka rannsókn yrði valið milli þriggja ákvarðana:

1. Ástandið viðunandi, ekkert gert frekar.
2. Útkoman óljós, taka stærra úrtak til að fá öruggari mynd af ástandinu.
3. Ástandið slæmt. Ráðstafanir gerðar til að bæta úttekt og gamalskoðun.

4. Niðurstöður (G.M.-G.G.).

Töflur þær og línurit, sem skráð eru hér að framan, sýna, eins og vænta mátti, að fjöldi galla í raflögnum eykst með aldri raflagnanna, og gildir það einnig á svæðum, þar sem rækt hefur verið reglubundið eftirlit samkvæmt ákvæðum reglugerðar um raforkuvirki (í Árnessýslu). Ef tekin eru til athugunar þau 21 atriði (af 72), sem talin eru veigameiri en önnur frá öryggissjónarmiði, kemur í ljós, að nærri lætur, að gallar í raflögnum milli 10 og 20 ára gömlum séu að hundraðshluta helmingi fleiri en í raflögnum nýrri en 10 ára, og í 30 ára gömlum raflögnum og eldri eru gallar að hundraðshluta um þrefalt til fjórfalt fleiri en í raflögnum nýrri en 10 ára. (Telja verður mjög sennilegt, að raflagnir af óvissum aldri tilheyri fremur eldri aldursflokkum).

Gamalskoðun samkvæmt núverandi reglugerð er árangursrík til að draga úr fjölda galla í raflögnum. Á umdæmissvæðum margra rafveitna á Íslandi, þar á meðal Rafmagnsveitu Reykjavíkur, er fjöldi alvarlegra galla í húsveitum mun hærri en eðlilegt væri, ef fylgt væri gildandi reglum um gamalskoðun. Einnig virðist úttekt nýrra raflagna víða vanrækt.

Æskilegt er, að gildandi reglum um gamalskoðun sé hlýtt. Rafmagnseftirlitið getur með tiltölulega litlum kostnaði fylgzt með því, hvort stórfelld vanræksla eigi sér stað á einstökum svæðum.

Engu verður slegið föstu um það, hvað skuli vera leyfilegur fjöldi gallaðra atriða að hundraðshluta í raflögn, án þess að skoðun og viðgerð þurfi að fara fram, enda fer það ekki síður eftir eðli gallanna en fjölda þeirra.

SUMMARY (G.M.-G.G.)

Spot tests of electrical installations of different age groups in various areas.

According to stipulations in the Icelandic Electric Safety Code, The State Electrical Inspection inspects all electrical installations covered by the Code and sees to it that safety rules and regulations are complied with.

Electrical house installations are divided into three groups and the present rules, issued in 1967 and included in the new Electric Safety Code, which took effect on the first of July 1972, stipulate, that house installations in the first group which covers ordinary homes, offices, smaller store rooms and shops with minimum fire hazards, shall be inspected at least every ninth year, installations in the second group which covers ordinary school buildings, churches, physicians' offices, laboratories in dry places and farm houses, shall be inspected at least every sixth year, and installations in the third gorup shall be inspected at least every third year. That group covers factories, fish preparation plants slaughterhouses, dairies, oil and petrol dispensaries, warehouses for flammable materials, swimming pools, bath houses, laundries and other premises where the electrical installation or the electrical equipment might be damaged, due to moisture or corrosive gases. Further, certain school buildings, libraries, museums, etc.

A form has been prepared to be used by the inspectors in such a way that every one of 72 items in an installation is marked "in order" or "not in order", - see enclosure 1 and the forms, thus filled out, and sorted into four age groups and a fifth group comprising installations of uncertain age were fed into a computer. The figures delivered by the computer were tabulated and summed up.

The prepared form which was quite detailed, aimed at coordinating the procedure of inspection work by the various local inspectors throughout the country.

Out of 5700 house installations in five separate areas, 137 installations were inspected, out of 19000 house installations in another ten separate areas 194 installations were inspected, in one area (Reyðarfjörður) every one of 149 installations were inspected and out of 1130 installations in a fourth group of three separate areas 69 installations were inspected. The results in those four groups are shown in tables 1 a and 1 b, 3 a and 3 b, 5 a and 5 b and 7 a and 7 b respectively, and diagrams 1, 3, 5 and 7 show percentage of items "not in order".

Not all of the 72 items enumerated are of equal importance, and in order to obtain information on the more critical items, 21 of those were tabulated (see page 14-15) and the resulting figures are shown in tables 2 a and 2 b, 4 a and 4 b, 6 a and 6 b and 8 a and 8 b, respectively, and the corresponding diagrams 2, 4, 6 and 8.

The figures in tables 1, 3, 5 and 7 are combined in table 9 (a and b) and the figures in tables 2, 4, 6 and 8 are combined in table 10 (a and b), and percentage of items "not in order" in the four groups combined is shown in diagrams 9 and 10.

In order to obtain comparison between number of faults in electrical installations in an area where periodic inspection has been carried out according to regulations,

and in another area, where periodic inspection has been rather neglected, a spot test was made of electrical instllations in the Reykjavík area, as 178 installations (out of a total of approximately 14000 installations) of different age were inspected, and the faults tabulated. The age of all 178 installations was known. By comparing the outcome (diagrams 11 and 12) with diagrams 7 and 8 (Rafveita Stokkseyrar, Rafveita Eyrarbakka and Árnesveita, where periodic inspection regulations have been followed), it will be seen that in the latter case electrical installations are in a considerably better state than in the Reykjavík area.

In tables and diagrams 13 and 14 is shown a case (a very small community) where a electrician residing within the community keeps a constant eye on the electrical installations and corrects faults as they may crop up.

As could be expected, the tables and diagrams show that number of faults in electrical installations increase with the age of the installations. They also show that much fewer faults are in electrical installations in areas where periodic inspection regulations have been followed than in areas where this has been neglected.

It will be seen from the diagrams covering the 21 more important items that faults in installations between 10 and 20 years old are approximately twice as many (in percentages) as in installations newer than 10 years, and in installations 30 years old and over, the number is three or four times higher than in installations newer than 10 years. Nevertheless, all these considerations, tables and diagrams do not give a definite answer to the question as to whether the present stipulation regarding intervals between periodic inspection should be altered.

Certain aspects of the results of the survey were further investigated by statistical methods.

In the opinion of the inspectors of the State Electrical Inspection the periodic inspection has in the past been carried out according to the stipulations in the Árnesveita area. The distribution with age of the number of faults in this area was for most components in a reasonable agreement with the theoretical considerations and could therefore be used for estimating the expected duration of each item. The proportion of faulty items was significantly lower in Árnesveita than in most other areas. Regular inspection therefore appears to have considerable effect in improving the state of electrical installations. The average duration of many components is such that the time interval between inspections has considerable effect upon the expected value of the proportion of faulty components.

The survey strongly indicated that inspection of new installations is neglected in many areas as well as the periodic inspection.

There is little correlation between the faults of components within each installation. Relatively small samples are therefore needed to find out with reasonable accuracy whether the inspection is seriously neglected in any area.

Compensations for loss due to defective electrical installations are to a large extent paid by insurance funds, common for the whole country. An area where the inspection is neglected, therefore, passes on to other parts of the total cost of inspection and damages.

Mynd 1

Rafmagnseftirlit ríkisins RE1 1-3

S K O Ð U N A R S K Ý R S L A

Rafveita ... Reykjavíkur ... 4-5

Sveitarfélag ... Garðahreppur ... 6-9

Gata/bæjarheiti ... Markarflöt 26 ...

Eigandi ... Geir H. Þorsteinsson ...

Notandi ... — sami — ...10-11

Veitunúmer ... 15469 ...12-21

Flokkur ... I ...22

Notkun ... íbúðarhús ...23-24

Útveggir úr: 1) ☐ timbri 2) ☒ steini 3) ☐ öðru ...25

Raflögn lögð 19 ... 69 ...26-27

Síðast skoðuð 19 ... — ...28-29

Núv. skoðun 19 ... 72 ...30-31

Raflögn lögð af ... Fimi Bergsveinssyni ...

Núverandi rafverktaki ... — sami — ...

Tegund kerfis: 1) ☐ 220V 2) ☒ 380V 3) ☐ 440V 32-33

1) ☒ 1-fasa 2) ☐ 3-fasa 34

1) ☒ N 2) ☐ Ekki N 35

Varnarráðstafanir:

1) ☒ Lekastraumsrof 2) ☐ Núllun 36

3) ☐ Hlífðarjarðteng. 4) ☐ Varnarleiðiskerfi

5) ☐ Engin (einangrað kerfi)

1. INNTAK

Inntakslögn:

Gildleiki ....3.... x ....10+10.... mm^2

Heimtaug: 1)☐ loftlína 2)☐ jarðstr. 37

Inntakskassi:

Stærð ....engin (tekið frá götuskáp rafveitu).... x ..... A

Efni: 1)☒ málmur 2)☒ plast 38

	Í lagi Já o	Nei 1	
1.1 Inntakslögn	☒	☐	39
1.2 Inntakskassi	☒	☒	40
1.3 Spennumerking kassa	☒	☒	41
1.4 Frágangur á innfærslum í kassa	☒	☒	42
1.5 Jarðtenging kassa (ef við á)	☒	☒	43
1.6 Tengingar í kassa	☒	☒	44
1.7 Innsigli kassa	☒	☒	45
1.8 Stofnvör	☒	☒	46

Stærð ....1.... x ....63.... A (í götuskáp)

2. STOFNLÖGN

Gerð 1)☐ pp. 2)☐ jp. 3)☒ str.	■	☐	47
2.1 Gildleiki ....3.... x ....10+10.... mm^2	■	☐	48
2.2 Frágangur	■	☐	49

3. JARÐTENGING

3.1 Tenging við jarðskaut	■	☐	50
3.2 Jarðskautstaug	■	☐	51

Gildleiki ....16.... mm^2

REI

4. AÐALTAFLA

	Í lagi Já o	Nei 1	
4.01 Töflustaður	■	□	52
4.02 Gerð töflu	■	□	53
4.03 Spennumerking	□	■	54
4.04 Merking vara	■	□	55
4.05 Yfirstraumsvarnir			
4.05.1 Aðalvör	■	□	53
Stærð ..... 1 x ..... 63 A			
4.05.2 Kvíslvör	⊟	⊟	57
Fjöldi kvísla			
4.05.3 Greinivör	■	□	58
Fjöldi greina 12			
4.06 Varhús	■	□	59
4.07 Hitaskemmdir frá varbúnaði	■	□	60
4.08 Annar búnaður (rofar, mælar o.fl.)	■	□	61
4.09 Frágangur á skinnum	■	□	62
4.10 Töflutaugar	■	□	63
4.11 Tenging hlífðartauga	■	□	64
4.12 Tenging annarra töflutauga	■	□	65
4.13 Litamerkingar:			
4.13.1 Hlífðartauga	■	□	66
4.13.2 Miðtauga	■	□	67
4.13.3 Annarra tauga	■	□	68
4.14 Lagnir að og frá töflu	■	□	69

1. Merki um spennu og tegund rafkerfis vantar á töflu.
2. Loka opinni, óátreginni tengidós í kjallara og ganga frá taugum.
3. Merkja aðalrofa kyndingar skv. reglum (með rauðum lit).
4. Setja fastan viðeigandi lampa í snyrtiherbergi við inngang.
5. Setja fastan lokaðan lampa yfir vaski í eldhúsi.
6. Skipta um aðstaug straujárns.
7. Eftir er að ganga frá raftöflunum í bílskúr, loka skal öllum óátregnum dósum og setja upp viðeigandi rafbúnað. Ef notaðir verða málmlampar, skal jarðtengja þá, einnig skal jarðtengja alla lengda Barna.

RE2 1-3

5. GREINITÖFLUR

Fjöldi engin 4-5

	Í lagi Já	Nei	Í lagi Já	Nei	Í lagi Já	Nei	Í lagi Já	Nei	Í lagi Já	Nei	
5.01 Töflustaður	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	6
5.02 Gerð töflu	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	7
5.03 Spennumerking	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	8
5.04 Merking vara	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	9
5.05 Yfirstraumsvarnir:											
5.05.1 Kvíslvör	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	10
Fjöldi kvísla											
5.05.2 Greinivör	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	11
Fjöldi greina											
5.06 Varhús	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	12
5.07 Hitaskemmdir frá vörum	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	13
5.08 Annar búnaður											
(rofar, mælar o.fl.).....	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	14
5.09 Frágangur á skinnum	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	15
5.10 Töflutaugar	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	16
5.11 Tenging hlífðartauga	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	17
5.12 Tenging annarra töflutauga	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	18
5.13 Litamerkingar:											
5.13.1 Hlífðartauga	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	19
5.13.2 Miðtauga	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	20
5.13.3 Annarra tauga	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	21
5.14 Lagnir að og frá töflu	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	22



RE2

6. MÆLINGAR

	Í lagi Já o	Nei 1	
6.1 Einangrunarviðnám			
6.11 Til jarðar	☒	☐	23
6.12 Milli tauga	☒	☐	24
6.2 Hringrásarviðnám (skammhlaupsstr.)			
6.21 Stofn	☒	☐	25
6.22 Kvíslar	⊟	⊟	26
6.23 Greinar	☒	☐	27
6.3 Jarðskautsviðnám	☒	☐	28
6.4 Lekastraumsrofvörn	☒	☐	29
6.41 Fjöldi rofa athugaðir 1			30
6.42 Þar af með ófullnægjandi verkun:			
6.421 bilun í rofa			31
6.422 gölluð uppsetning			32

Skráning mælinga

Kerfishluti (grein, kvísl, stofn)	I_n	R_{ein}	R_{hr}	$I_k = \frac{U_n}{R_{hr}}$	R_j	$I_{útl}$	$U_{útl}$
	A	MΩ	Ω	A	Ω	A	V
Samtals	63	∞	0,2	1100			
Húsveitan (öll)	–	40,0	–	–			
Tæki (öll)	–	∞	–	–			
F.I. rofi 4x63/0,5A	(virkur)			–		ca. 0,45	
Jarðskaut (R_{jr})		–	–	–	8,8		

U_n = Kerfisspenna
R_j = Jarðskautsviðnám
I_n = Málstraumur vars
R_{ein} = Einangrunarviðnám
R_{hr} = Hringrásarviðnám
I_k = Skammhlaupsstraumur
$U_{útl}$ = Útleysispenna FI - Eða FU - varnarrofans
$I_{útl}$ = útleysistraumur FI varnarrofans

RE2

7. LAGNIR OG NEYZLUTÆKI	Í lagi Já	Nei	
7.01 Pípur taugar	☒	☐	33
7.02 Strengir	☒	☐	34
7.03 Festingar lagna	☒	☐	35
7.04 Tengidósir, -kassar	☐	☒	36
7.05 Tengingar (í dósum, kössum o.s.frv.)	☒	☐	37
7.06 Hlífðartaugar/-tengingar (fastalagnir)	☒	☐	38
7.07 Litamerkingar (í föstum lögnum)	☒	☐	39
7.08 Tenglar	☒	☐	40
7.09 Rofar	☒	☐	41
7.10 Ljósker (staðbundin)	☐	☒	42
7.11 Tæki (staðbundin)	☒	☐	43
7.12 Ljósker (færanleg)	☒	☐	44
7.13 Tæki (færanleg)	☒	☐	45
7.14 Lausataugar	☐	☒	46
7.15 Litamerking í lausataugum	☒	☐	47
7.16 Hlífðartenging (fasttengd tæki)	☒	☐	48
7.17 Hlífðartenging (lausatengd tæki)	☒	☐	49

Reykjavík, 12/1 1972

Skoðunarmenn: Árni Guðmundsson

Bjarni Ólafsson

UM MÆLIEININGAR AFLS OG ORKU

Í töflum þeim, er hér hafa birzt, eru notaðar einingar þær og skammstafanir, er alþjóðlega raftækninefndin (International Electrotechnical Commission - IEC) mælir með, og notaðar hafa verið í flestum löndum heims, þar á meðal á Norðurlöndum um langan aldur.

Grundvallareining afls er watt (skammstafað: W; einingin er nefnd eftir James Watt, þeim er fann upp gufuvélina).

Grundvallareining orku er í rauninni wattsekúnda (skst. Ws; s er alþjóðleg skammstöfun fyrir sekúndu; dregið af latneska orðinu secunda = sekúnda), en sökum þess hve lítil eining það er fyrir flest hagnýt not, var mynduð einingin wattstund (skst. Wh; h er alþjóðleg skammstöfun fyrir klukkustund; dregin af latneska orðinu hora = klukkustund).

1 wattstund er orka sú, sem afl ið 1 watt gefur á einni klukkustund.

Grundvallareiningar þessar, W og Wh, eru í mörgum tilfellum óþægilega smáar, einkum ef um er að ræða afl og orku stórra raforkuvera, samanlagt afl eða orku raforkuvera í heilum landshlutum eða löndum. Af þeim sökum eru mjög notaðar aðrar stærri einingar, sem leiddar eru af grundvallareiningunum, á sama hátt og t. d. einingin kílometri, km, er afleidd af grundvallareiningunni metri, m, eða kílogramm, kg, er leitt af gramm, g, o. s. frv.

Helztu afleiddar einingar afls og orku eru þessar :

Afl :

Kílowatt	kW				1 000 W
Megawatt	MW			1 000 kW	1 000 000 W
Gígawatt	GW		1 000 MW	1 000 000 kW	1 000 000 000 W
Terawatt	TW	1000 GW	1 000 000 MW	1 000 000 000 kW	1 000 000 000 000 W

Orka :

Kílówattstund	kWh				1 000 Wh
Megawattstund	MWh			1 000 kWh	1 000 000 Wh
Gígawattstund	GWh		1 000 MWh	1 000 000 kWh	1 000 000 000 Wh
Terawattstund	TWh	1000 GW	1 000 000 MWh	1 000 000 000 kWh	1 000 000 000 000 Wh

MERKING TÁKNA

-	núll eða ekkert
0	minna en hálf eining
...	að upplýsingar séu ekki fyrir hendi
.	að ekki er tala skv. eðli málsins
x	að talan er að nokkru eða öllu leyti áætluð
( )	að talan í sviganum er ekki með í summu
⟶	innifalið í annarri tölu eins og örin vísar til
1), 2), o. s. frv.	tilvísun til athugasemda